



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipulagssvæði C í Gufunesi

Á fundi borgarráðs þann 25. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Þann 21. febrúar 2019 var samþykkt í borgarráði deiliskipulag fyrir 1. áfanga skipulagssvæðis Gufuness, svæði C. Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 var kynnt að skipulagssvæðinu væri skipt í „frekari svæði“ eða „Kvikmyndahorpi 1 [C] eða svæði C. Í gildandi deiliskipulagi er svæði C 17.238 m² að stærð og lóðin innan svæðisins 12.962 m².“ 1. Hvað greiddi kaupandinn af reit C í Gufunesi fyrir lóðina? 2. Hefur verið staðið í skilum með kaupverðið – ef ekki, hvers vegna? 3. Hvers vegna tóku borgarstjóri og meirihlutinn ákvörðun um að afhenda þessa stóru lóð á hrakvirði til endursölu fyrir þriðju aðila á mun, mun hærra verði? 4. Hvað hefur upphaflegur kaupandi af lóðinni hagnast á endursölunni miðað við daginn sem þessum fyrirspurnum er svarað? 5. Hvers vegna var ekki gengið frá endanlegri lóðarstærð í samningum þegar deiliskipulagið tók gildi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. apríl 2021.

Svar:

1. *Hvað greiddi kaupandinn af reit C í Gufunesi fyrir lóðina?* Skv. kaupsamningi dags. 26. maí 2016 var greitt 301.650.000 kr. Verði samþykktur aukinn byggingarréttur með breyttu deiliskipulagi skal greiðast 15.000 kr/fm samhliða útgáfu byggingarleyfis.
2. *Hefur verið staðið í skilum með kaupverðið – ef ekki, hvers vegna?* Já, að fullu greitt. Afsal gefið út, dags. 30. júní 2017.
3. *Hvers vegna tóku borgarstjóri og meirihlutinn ákvörðun um að afhenda þessa stóru lóð á hrakvirði til endursölu fyrir þriðju aðila á mun, mun hærra verði?* Reykjavíkurborg kom ekki að endursölu til þriðja aðila þar sem búið var að gefa út afsal dags. 30. júní 2017.
4. *Hvað hefur upphaflegur kaupandi af lóðinni hagnast á endursölunni miðað við daginn sem þessum fyrirspurnum er svarað?* Reykjavíkurborg hefur ekki upplýsingar um það enda kom Reykjavíkurborg ekki að endursölu lóðarinnar.

5. *Hvers vegna var ekki gengið frá endanlegri lóðarstærð í samningum þegar deiliskipulagið tók gildi? Lóðaruppdrættir eru í vinnslu. Lóðarhafi hefur óskað eftir deiliskipulagsbreytingu sem hefur verið samþykkt en beðið er eftir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.*

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari